



Atvinnuleysi minnkaði um 0,6% í ágúst og mun væntanlega minnka áfram

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í ágúst 5,5% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 6,1% frá því í júlí. Um 11.500 manns voru á atvinnuleysisráði í ágúst. Almennt skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar 2021 þegar það var 11,6% og hefur þannig minnkað um 6,1 prósentustig síðan.

Í ágúst 2020 var almennt atvinnuleysi 8,5% og það hefur því minnkað um 2,4 prósentustig á einu ári.

Vinnuálastofnun spáir því að áfram dragi úr almennu atvinnuleysi og að það verði á bilinu 5,1-5,4% í september, m.a. vegna árstíðasveiflu. Búist er við að 2-300 einstaklingar geti komið til baka á atvinnuleysisráði í september eftir að ráðningarstyrk vegna starfs lýkur.

Atvinnuleysi hefur nú minnkað sjö mánuði í röð og hefur lækkunin verið nokkuð hröð. Atvinnuleysið var hins vegar um 5% í upphafi ársins 2020 og því ekki langt í land þar til við sjáum aftur svipað atvinnuleysisstig og þá. Það er töluvert háð því hvort fólk haldi störfum sínum eftir að ráðningarstyrkjum lýkur.


Afdrif ráðningarstyrkja munu skipta miklu

Alls var ráðið í um 4.570 störf með ráðningarstyrkjum á tímabilinu frá apríl til ágúst 2021 og er það ein veigamesta ástæðan fyrir minnkun atvinnuleysis. Nú í september byrja þessir ráðningarstyrkir að renna út og skiptir miklu hvort fólk á ráðningarstyrkjum heldur ráðningum sínum eða hvort þær taki enda. Almennt hefur verið góð reynsla af ráðningarstyrkjum í gegnum árin, en aðstæður nú eru töluvert öðruvísi en verið hefur. Það skiptir auðvitað fyrir áframhaldandi þróun atvinnuástands að fólk á ráðningarstyrkjum haldi störfum sínum.

Minnkun nær alls staðar á landinu


Almennt atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu nema á Vestfjörðum milli júlí og ágúst. Mest dró úr atvinnuleysi á Suðurnesjum, um 1,2 prósentustig, og

Skráð atvinnuleysi 2020 og 2021



Heimild Vinnuálastofnun

Ráðningarstyrkir - fjöldi og hlutfall



Heimild: Vinnuálastofnun, Hagfræðideild Landsbankans



svo um 0,6 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi er eftir sem áður langmest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, en það er ekki lengur tvöfalt meira á Suðurnesjum en á höfuðborgarsvæðinu eins og það var lengi vel.

Atvinnuleysi er enn mest á Suðurnesjum

Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 9,7% í ágúst og minnkaði um 1,2 prósentustig frá júlí. Almennt atvinnuleysi þar var 24,5% í janúar og hefur nú minnkað sjö mánuði í röð, alls um 14,9 prósentustig.

Atvinnuleysi kynjanna svipað í heild

Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi vestra. Munurinn var mestur milli kynjanna á Suðurnesjum, 2,8 prósentustig. Þar var 11,4% atvinnuleysi hjá konum og 8,6% hjá körlum. Á Suðurlandi var atvinnuleysið einnig talsvert meira meðal kvenna en karla, eða 4,5% hjá konum en 2,7% hjá körlum.

Fjöldi auglýstra starfa

Alls voru auglýst rúmlega 900 ný störf í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst. Flest störfín voru störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða um 300 störf. Flest auglýstra starfa eru ennþá átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 73%, önnur eru talin til almennra starfa.

Ástæða til hjartsýni


Þrátt fyrir áföll í baráttunni við faraldurinn lítur áfram út fyrir að frekar dragi úr atvinnuleysi á næstunni. Staðan hér innanlands hefur ekki enn haft veruleg neikvæð áhrif á komur ferðamanna til landsins, þó væntingar hafi verið um fleiri komur. Eins og áður skiptir baráttan við faraldurinn í helstu viðskiptalöndum okkar miklu og sama má segja um afdrif ráðninga vegna styrkja.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.


Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Almennt atvinnuleysi í júlí og ágúst 2021



Atvinnuleysi í ágúst 2021



Fjöldi starfa í boði

